LISTVINAFÉLAG HALLGRÍMSKIRKJU 34. STARFSÁR



Hallgrímskirkja

# Sálmafoss 2016

Á Menningarnótt, laugardaginn 20. ágúst klukkan 15 - 21

Glæsilegir einsöngvarar, fjölbreyttir kórar, Klaisorgelið í allri sinni dýrð, tölvustýrt orgel, nýjir sálmar, almennur söngur, kaffihús með ilmandi vöfflum og kaffi úr antikbollum!



      

## DAGSKRÁ

**15.00 Sálmasöngur - allir syngja með** – Schola cantorum, kammerkór Hallgrímskirkju leiðir sálmasöng.

**15.15 Schola cantorum** flytur kirkjutónlist frá ýmsum tímum m.a. verk sem prýða nýjan geisladisk þeirra “Meditatio”. Einsöngvarar úr kórnum syngja einsöng, Thelma Hrönn Sigurþórsdóttir sópran (Ave María e. Sigvalda Kaldalóns), Fjóla Kristín Nikulásdóttir sópran (Pie Jesu úr Fauré Requiem) og Lilja Dögg Gunnarsdóttir alt (Magnificat e. Hreiðar Inga). Björn Steinar Sólbergsson leikur undir á Klaisorgel Hallgrímskirkju

**16.00 Sálmasöngur - allir syngja með**
Kammerkór Seltjarnarneskirkju leiðir sönginn undir stjórn Friðriks Vignis Stefánssonar

**16.15 Einsöngvarar og Kammerkór Seltjarnarneskirkju** syngja fjölbreytta efnisskrá undir stjórn Friðriks Vignis Stefánssonar, sem einnig leikur á Klaisorgelið. Atli Guðlaugsson leikur á trompet og Sigríður Hjördís Indriðadóttir á piccoloflautu.

**17.00 Sálmasöngur - allir syngja með** – undir stjórn Steingríms Þórhallssonar.

**17.15 Hallveig Rúnarsdóttir sópran** syngur með Steingrími Þórhallssyni, sem einnig leikur á Klaisorgelið.

**18.00 Sálmasöngur - allir syngja með** – Hljómfélagið, blandaður kór undir stjórn Fjólu Kristínar Nikulásdóttur leiðir sönginn.

**18.15 Hljómfélagið flytur sálma og veraldleg lög.** Stjórnandi er Fjóla Kristín Nikulásdóttir

**18.30 Björn Steinar Sólbergsson**, organisti við Hallgrímskirkju flytur fjölbreytta orgeltónlist á Klaisorgel Hallgrímskirkju

**19.00 Einsöngur og orgelspuni**
Óskar Pétursson tenór frá Akureyri ásamt Jónasi Þóri organista Bústaðakirkju, sem einnig leikur af fingrum fram á Klaisorgelið yfir sálma og þjóðlög

**19.45 Björn Steinar Sólbergsson**, organisti við Hallgrímskirkju leikur

**20.00 Rafmagnaður Klais!** Raftónskáld flytja nýstárlega tónlist, þ.s. tölvur leika á orgelið! Umsjón hafa Áki Ásgeirsson, Guðmundur Vignir Karlsson og Gunnar Andreas Kristinsson.

Kynnar eru **sr. Irma Sjöfn Óskarsdóttir** prestur Hallgrímskirkju og **Inga Rós Ingólfsdóttir** framkvæmdastjóri Listvinafélags Hallgrímskirkju. **Margrét Bóasdóttir** verkefnastjóri kirkjutónlistar á Biskupsstofu stýrir almennum söng og kennir nýja sálma. **Björn Steinar Sólbergsson**, organisti við Hallgrímskirkju, leikur undir almennan söng.

Kaffihús til styrktar Listvinafélaginu verður opið í suðursalnum frá kl. 14, þ.s. ilmandi vöfflur og fínar tertur verða á boðstólnum og kaffi drukkið úr hinum rómuðu antikbollum Listvinafélagsins.

**Sjá nánar á heimasíðu Listvinafélagsins www.listvinafelag.is**

Þakkir fá: Landsbankinn, Reykjavíkurborg, Tónlistarsjóður Menntamálaráðuneytisins, Hallgrímskirkja, Litróf, Margrét Bóasdóttir, Hafsteinn Sv. Hafsteinsson, Arngerður María Árnadóttir, Hörður Áskelsson og allir aðstandendur og flytjendur á Sálmafossi.